

22. maí 2009

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 20. febrúar 2009 gerðu Fjármálaeftirlitið og VBS fjárfestingarbanki hf. með sér sátt vegna brots VBS fjárfestingarbanka hf. á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Með sáttinni gekkst VBS fjárfestingarbanki hf., sem útgefandi skráðra fjármálagerna, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl., með því að hafa ekki sent Fjármálaeftirlitinu innherjalista fyrir en þann 17. september 2008, þrátt fyrir að hafa verið gert það kleift þann 10. september 2007.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum, eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leiti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 1.500.000,-.